

## Íslenska 4.bekkur

Hæfnisviðmiðum í íslensku er skipt í eftirfarandi flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun, málfræði.

### Talað mál, hlustun og áhorf

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði,
- geti tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,
- geti sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,
- geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,
- geti nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,
- geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

#### Kennsluhættir

Viðburðir: Litla upplestrarkeppnin, Spurningakeppni miðstigs, Árshátíðarvinna. Sameiginleg söngstund miðstigs einu sinni í mánuði.

Farið er yfir atriði sem skipta máli við framsögn eins og líkamsstöðu og raddbeitingu. Nemendur fá reglulega tækifæri til að lesa upphátt og flytja fjölbreyttan texta og ýmis verkefni fyrir samnemendur sína. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og hlusta af athygli og bera virðingu fyrir þeim sem flytja mál sitt. Þegar nemendur hafa flutt verkefni í kennslustund fá þeir ýmist viðbrögð við flutningi sínum frá samnemendum sínum (jafningamat) þar sem nemendur meta hver annan eða nemendur fá leiðbeinandi mat frá kennara eða að þeir meta sig sjálfir (sjálfsmat).

#### Námsmat

Framsagnarpróf er lagt fyrir þá nemendur sem hafa náð 200 atkvæðum á mínútu í janúar og maí. Nemendur fá einkunn fyrir framsagnarpróf og er vægi þess 100%. Fyrir frammistöðu og vinnusemi í kennslustundum fá nemendur leiðbeinandi skriflega umsögn.

### Lestur og bókmenntir

#### Hæfniviðmið

að nemandi:

- geti lesið 180-200 atkv. í janúar og 220-240 atkv. í maí,
- geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,
- geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,
- geti tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,
- geti valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings,
- geti lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,
- geti beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap,
- geti beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,

- geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi,
- geti lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

### **Kennsluhættir**

Viðburðir: Litla upplestrarkeppnin, Spurningakeppni miðstigs, Lestraráttak einu sinni á önn í samstarfi við Bókasafn Grindavíkur og fleiri aðila.

Til að efla lesskilning nemenda er unnið markvisst með gagnvirkan lestur. Áhersla er lögð á að nemendur lesi daglega heima til að auka lestrarhraða og eru nemendur hvattir til að lesa sér til fróðleiks og ánægju. Nemendur fá reglulega lestrarbækur með vinnubókum sem þjálfar lestur, lesskilning, skrift og frágang. Heimalestur er skráður í kvittanahefti. Unnið er á fjölbreyttan hátt með orð og orðaforða og stuðst verður við hugmyndir úr íslenskuverkefninu Orð af orði.

Nemendur vinna ýmis lesskilningsverkefni og lesa upphátt fyrir aðra. Einnig vinna þeir einstaklingslega, í pörum eða í hópvinnu. Lestraráttak verður a.m.k. tvisvar á skólaárinu. Unnið með málshátt vikunnar

### **Námsmat**

#### Námsmat

Fyrirlögn	Tegund prófs	Viðmið um árangur
Ágúst	Hraðapróf	Staðan könnuð eftir sumarið. 140 atkv.
September	Samræmt próf í íslensku Lesskilningspróf /Orðarún Orðskilningspróf /Orðalykill	
Nóvember	Aston index stafsetning	14-20 stig
Janúar	Hraðapróf  Framsagnarpróf fyrir þá sem hafa náð 200 atkv. í lestri.  Lesskilningspróf	180-200 atkv.  Gildir 15 % af íslenskueinkunn
Mai	Hraðapróf  Lesskilningspróf  Framsagnarpróf  Ritun	220-240 atkv.  Gildir 15 % af íslenskueinkunn

Hraðlestrarpróf verða lögð fyrir a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu og oftast hjá þeim sem hafa ekki náð tilskyldum lestrarhraða. Lesskilningskannanir verða einnig lagðar fyrir í janúar og maí sem gilda að lágmarki 15% af íslenskueinkunn.

## Ritun

### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,
- geti notað sögufléttuna sér til stuðnings í ritun,
- geti skrifað sögur sem hafa aðal- og aukapersónur,
- geti skrifað sögur sem hafa sögusvið og innihalda a.m.k. 3 atburði,
- geti nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,
- geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,
- geti beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi,
- geti nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,
- geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,
- geti skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri nemenda,
- geti yfirfært þær reglur sem þeir læra í stafsetningu á aðra þætti námsins,
- **þekki og nýti sér eftirfarandi stafsetningareglur:**
  - regluna um n/nn,
  - regluna um stóran staf,
  - regluna um lítinn staf,
  - regluna um sérhljóða á undan ng/nk,
  - einfalda og tvöfalda samhljóða.

## Kennsluhættir

**Viðburðir:** Jólasögukeppni á miðstigi.

Notast verður við kennsluaðferðir frá Orð af orði og unnið verður út frá sögufléttunni. Áhersla verður lögð á skriftarkennslu og mikil áhersla er lögð á góð vinnubrögð og vandvirkni ásamt því að nemandur noti þær stafsetningarreglur sem þeir hafa lært. Skapandi skrif með þátttöku utanaðkomandi aðila t.d. rithöfunar.

## Námsmat

Nemendur fá skriflega umsögn um ritunarverkefni sín þar sem fram kemur hvað gekk vel og hvað þarf að gera betur. Stafsetningarpróf í janúar og maí.

## Málfræði

### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,

- geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett og orð og málsgrein,
- geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við lei tog skipulag,
- geti gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaorða og sagnorða,
- geti leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu,
- geti búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,
- geti greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta kynnist málsháttum og orðtökum,

### **Kennsluhættir**

Nemendur fá tækifæri til að leika sér með málið á fjölbreyttan hátt með spilum, krossgátum, þrautum og orðaleikjum. Einnig verður stuðst við hugmyndir úr íslenskuverkefninu Orð af orði. Unnið er í námsbókum bekkja.

### **Námsmat**

Símat úr verkefnavinnu og skyndiprófum vetrarins.